

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Vilhjálms Vilhjálmssonar.

Þóra Guðmundsdóttir, kt. 060451-3899, Leirutanga 6, Mosfellsbæ, Thelma Arngrímsdóttir, kt. 191286-2869, Leirutanga 6, Mosfellsbæ og Vilhelmina Eva Vilhjálmisdóttir, kt. 060378-5849, Rituhöfða 2, Mosfellsbæ, hafa ákveðið að stofna sjóð sem beri nafnið Minningarsjóður Vilhjálms Vilhjálmssonar og um starfsemi sjóðsins gildi eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Vilhjálms Vilhjálmssonar. Heimili sjóðsins og varnarþing er Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenska söngvara til söngnáms.

3. gr.

Stofnendur skipa þriggja manna stjórn sjóðsins til 3ja ára í senn og skal formaður valinn sérstaklega en hinir teljast meðstjórnendur. Stjórnarstörf skulu ekki launuð. Falli stjórnarmaður frá skulu stjórnarmenn velja nýjan mann í stjórn.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að fjölga stjórnarmönnum í allt að fimm.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 1.000.000 - krónur ein milljón - sem Jón Ólafsson, kt. 060854-5219, Flat 7, Bryanstone Square, London, Bretlandi, leggur fram við stofnun sjóðsins. Fé sjóðsins skal varðveitt á bankareikningi eða með fjárfestingum í traustum verðbréfum. Stjórn sjóðsins ákveður og ber ábyrgð á fjárvörslu hverju sinni.

5. gr.

Tekjur Minningarsjóðs Vilhjálms Vilhjálmssonar eru framlög til sjóðsins, sem lögð eru fram án skilyrða, sem og ávöxtun af eignum sjóðsins.

6. gr.

Sjóðstjórn skal úthluta fé árlega. Heimilt er að úthluta fé oftar ef sérstakt tilefni gefst til. Sjóðstjórn er heimilt að úthluta fé með eða án umsókna. Við það skal miðað að eftir úthlutun hverju sinni séu eignir sjóðsins ekki verðminni en stofnframlagið.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, nema fyrsta árið þá er reikningsárið frá staðfestingu á skipulagsskrá sjóðsins til fyrstu áramóta þar á eftir.

Reikningar sjóðsins skulu áritaðir um endurskoðun af endurskoðanda sem stjórn sjóðsins velur.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður breytt eða sjóðnum slitið með ákvörðun meirihluta stjórnar sem hljóti samþykki allra stofnenda eða þeirra sem koma þeirra í stað enda fái skipulagsskráin þannig breytt samþykki viðeigandi stjórnvalds, sbr. nú lög nr. 19/1988.

9. gr.

Um starfsemi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Leitað skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskránni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1998.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 26. september 2008.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Helgi Már Ólafsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2008